

## AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Hofsóskaupþún,  
nr. 42 7. marz 1939.

61

4. apríl

Gjöld samkvæmt 16. gr. reglugerðarinnar innheimtist frá 1. maí 1941 og út það ár með 50% viðauka.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt lögum nr. 24 13. janúar 1938, um hafnargerð á Hofsós og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. apríl 1941.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

Staðfesting ráðuneytis Íslands, handhafa konungsvalds, á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður“, útgefin á venjulegan hátt ad man- 62  
datum af dóms- og kirkjumálaráðherra 8. apríl 1941. 8. apríl  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af kvenfélagi Fellsstrandarhrepps á 30 ára starfsafmæli Bjargar Magnúsdóttur, sem ljósmóður í Fellsstrandarhreppi, 19. dag maímánaðar árið 1940, með nokkrum hluta fjár þess, er konur innan ljósmóðurumdæmisins færðu henni sem heiðursgjöf á starfsafmæli hennar.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 200.00 — tvö hundruð krónur — sem ávaxta skal í Sparisjóði Dalasýslu eða annarri tryggri peningastofnun landsins.

4. gr.

Markmið sjóðsins er, að styrkja sængurkonur búsettar í Fellsstrandarhreppi. Stækki ljósmóðurumdæmið út yfir hreppstakmörk sem nú eru, ná styrkveitingar úr sjóðnum aðeins innan þeirra takmarka, sem Fellsstrandarhreppur hefur nú.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Lögskipuð ljósmóðir hreppsins, sem er sjálfkjörin og jafnframt formaður sjóðstjórnarinnar og tvær konur búsettar innan ljósmóðurumdæmisins, kosnar af kvenfélagi Fellsstrandarhrepps til þriggja ára í senn. Leggist kvenfélagið niður skal stjórnin kosin af konum búsettum í hreppnum. Engin kona